

Nr. 15.
19. júní.

Boðskapur konungs

til

Íslendinga.

Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg.

Vora konunglegu kveðju!

Samkvæmt þegnlegum tillögum ráðherra Íslands höfum Vjer í dag staðfest stjórnarskipunarlög Íslands. Með tveim konungsúrskurðum höfum Vjer jafnframt ákveðið, að íslensk lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skuli framvegis eins og hingað til bera upp fyrir Oss í ríkisráðinu, og auk þess ákveðið gerð hins sjerstaka íslenska fána, sem með konungsúrskurði 22. nóvbr. 1913 var löggiltur hvarvetna á Íslandi og á íslenskum skipum í landhelgi Íslands, þó að því viðbættu, að það væri vilji Vor, að rjettur manna til þess að draga upp dannebrogsfánann eins og að undanfögnu sje óskertur og að á húsi eða lóð stjórnarráðs Íslands sje jafnframt dreginn upp hinn klofni dannebrogsfáni á ekki óveglegri stað nje rírari að stærð.

Það er von Vor, að þjer, Vorir kæru og trúu þegnar á Íslandi, sjáið á þessu, að það er vilji Vor, að verða við óskum yðar um framgang þeirra mála, er þjer hafið lagt svo ríka áherslu á og hafa í því efni ráðið hjá Oss heitustu óskir Vorar um að tryggja góða sambúð milli Íslands og Danmerkur.

Um leið og Vjer þá sendum öllum Íslendingum Vora konunglegu kveðju og þar með heitustu óskir vorar um heillaríka framtíð Íslands, viljum Vjer láta þá von Vora í ljósi, að staðfesting hinna nýju stjórnarskipunarlaga verði grundvöllurinn undir friðsamlegu og heillaríku starfi til eflingar hinum andlegu og efnalegu kröftum í landinu.

Ritað á Amalíuborg, 19. júní 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.